

Fundargerð

samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar

11. nóvember 2020

Árið 2020, 11. nóvember kl. 13:30 kom samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefnd – saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu: Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem stýrði fundi, Aldís Hafsteinsdóttir formaður sambandsins, Karl Björnsson framkvæmdastjóri sambandsins, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Einnig sátu fundinn: Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Guðrún Ögmundsdóttir skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Tinna Dahl Christiansen sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem einnig ritaði fundargerð.

- Gestur fundarins undir lið 3: Gylfi Magnússon, formaður verkefnisstjórnar um greiningu á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila.
- Gestur fundarins undir lið 4: Kristrún Frostadóttir, aðalhogfræðingur Kviku.

Þetta var tekið fyrir:

Dagskrá:

1. Fundargerðir undirnefnda

Lagðar voru fram til kynningar 6 fundargerðir frá samráðsnefnd um opinber fjármál, frá 13. ágúst – 15. september 2020.

2. Aðgerðir til varnar, verndar og viðspyrnu

Greint var frá þremur úrræðum sem verið er að vinna með:

- 1) Búið er að samþykkja hina síðari lokunarstyrki.
- 2) Tekjufallsstyrkir ætlaðir einyrkjum og örfyrirtækjum (sem ekki eru með fleiri en 3 starfsmenn) t.d. listamenn.
- 3) Viðspyrnustyrkir sem veittir eru að mörgu leyti eins og tekjufallsstyrkir, fyrirtæki þurfa að sýna fram á a.m.k. 70% tekjufall og ræðst styrkfjárhæðin af því hve mörg stöðugildi eru í viðkomandi fyrirtæki. Gert til að viðhalda lágmarks starfsemi.

Búið er að boða framhald af hlutabótaleiðinni, það verður gert til u.þ.b. 6 mánaða, mögulega með einhverjum breyttum útfærslum.

Fundarmenn voru sammála um að fela samstarfsnefnd um opinber fjármál að kortleggja lánsfjárbörð sveitarfélaga og í framhaldi verði staðan rædd við samráðsnefnd um lánsfjármál ríkissjóðs til að leita leiða til að tryggja sveitarfélögum hagstæðara lánsfé þar sem horft er til næstu 3-4 ára.

3. Verkefnastjórn um greiningu á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila

Gylfi Magnússon gerð grein fyrir vinnu verkefnastjórnar og greindi frá því að verkefnastjórn hefði úthýst útreikningum til KPMG, verið væri að senda út fyrirspurnir, gagnavinnsla myndi hefjast öðru hvoru megin við mánaðarmót. Verið er að leita svara um rekstrarkostnað hjúkrunarheimila, hvernig hann skiptist, hvað skýri hann, eftir tegund, stærð heimila og slíkum breytum. Skil verkefnastjórnar var áætluð 1. nóvember en tafðist, gert er ráð fyrir að niðurstöður liggja fyrir um áramót.

Sammælt var um að bíða eftir niðurstöðum og í kjölfarið á því setja á fót nefnd sem ynni að endurmati útgjalda á hjúkrunarþjónustu sem m.a. leiti svara við því hvaða fyrirkomulag henti þessari þjónustu best. Í þeirri nefnd væru fulltrúar frá fjármála- og efnahagsráðuneyti (sem koma með tillögu að verklagi), heilbrigðisráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

4. Fjármál hins opinbera út frá hagfræðilegu sjónarmiði

Kristrún Frostadóttir, aðalhogfræðingur Kviku, fór yfir samstarf sveitarfélaga og ríkissjóðs í COVID-19 og hagstjórnaraðgerðir. Kom fram í máli hennar að sveigjanleiki sveitarfélaga væri ekki mikill, ríkissjóður væri eini aðilinn sem réttilega gæti skuldbettað sig fyrir rekstri, sveitafélög væru ekki gerð til þess. Þau væru rekin eins og fyrirtæki og gegna því ekki beinu hagstjórnarhlutverki og hafa ekki aðgang að sömu hagstjórnartólum og ríkissjóður. Sveitarfélög hefðu m.a. fáa skattstofna, einhæfa útgjaldaliði og gefa ekki út áhættulaus bréf með stuðningi Seðlabankans. Þau eigi því erfitt með að dreifa áfalli, séu með fáa útgjaldastofna til að eiga við og borgi hærrí vexti en ríkissjóður. Benti hún einnig á að sveitarfélögin og ríkissjóður væru samstarfsaðilar en ekki samkeppnisaðilar.

Nefndarmenn voru sammála um að fela samráðsnefnd um opinber fjármál að fara yfir þau atriði sem komu fram í samantekt Kristrúnar.

5. Önnur mál

- Fulltrúar sambandsins greindu frá fundi með Ásmundi Einari Daðasyni félags- og barnamálaráðherra, þar sem haldið var á lofti ákvæði úr samkomulaginu um að skipuð yrði nefnd til að greina kostnað við þjónustu við fatlað fólk. Ráðherra greindi frá því að í smíðum hefði verið hugmynd um nefnd til að taka á hinum ýmsu álitamálum í þessari þjónustu og gráum svæðum á milli ríkis og sveitarfélaga og kom hann með hugmynd um að sameina þessi verkefni í einni nefnd.

- Innheimtustofnun – Fram kom að fjármálaráðuneytið væri að bíða eftir svörum, en það óskaði eftir nánari upplýsingum frá félagsmálaráðuneytinu og þau svör eru ekki komin.
- Framlög vegna fjárhagsaðstoðar – Fram kom að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið er að safna gögnum í samstarfi við sambandið og mögulegt væri að drög að útfærslu gætu verið tilbúin fyrir ársfund Jöfnunarsjóðs í næstu viku.

Næsti fundur nefndarinnar verður 9. desember kl. 14:00.

Fundi var slitið kl. 15:00.

-TDC-